

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Jólafundur.

61. fundur Stjórnar BS bs. haldinn mánudaginn 13. desember 2021

kl. 18:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
 - Skv. Áætlun. Tekjur hærri vegna samninga við sjúkratrygginga.
- Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021.
 - Viðaukar lagðir fram og samþykktir. Tekjur og fjárfestingar hækka vegna aukinna sjúkraflutninga og aukið starfsmannahald.
- Breytingar á gjaldskrá.
 - Gjaldskrá lögð fram og samþykkt. Hækkar um 5%.
- Úttekt HMS á BS bs.

Lögð fram, minniháttar frávik. Slökkviliðsstjóra falið að lagfæra þau.
- Útboð á vegum Ríkiskaupa á slökkvibílum.
 - Samþykkt að taka þátt í útboði Ríkiskaupa til kaupa á slökkviliðsbílum.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Nýr slökkvibíll:

Unnið hefur verið við nýja slökkvibílinn og gera hann tilbúinn til notkunar, hann kom úr merkingu á föstudaginn var, unnið er að skipulagningu uppsetningu búnaðar í bílinn. Við erum að gera ráð fyrir að hann verði tekinn í notkun öðru hvoru megin við áramót.

Lok á gryfju í þvotta og verkstæðishluta slökkvistöðvar:

Við höfum fengið afhentan búnað til þess að ganga frá lokun á gryfju og unnið er að frágangi á þeim búnaði (renniloki).

Samningar við SÍ:

Viðræður eru í gangi um endurnýjun samnings við SÍ, en þeir hafa óskað eftir að núverandi samningur verði framlengdur um 3 mánuði meðan unnið er að ýtarlegri greiningu á auknum kostnaði.

Það er bagalegt að ekki sé möguleiki á að klára samning fyrir áramót, þar sem niðurstaða samnings við SÍ hefur veruleg áhrif á framkvæmd vinnutímastyttingu mun dráttur á samningi þýða að seinkun verður ráðningar vegna vinnutímastyttingar og fjölgun vakta.

Breytingar á kjarasamningi um áramót:

Ýmsar breytingar verða á kjarasamningum um áramót, sem snúa að hlutastarfandi starfsmönnum en einnig að þeim sem ganga vaktir og eru í fullu starfi.

Við eigum fund með kjarasviði Sambandi Íslenskra sveitarfélaga 15.des nk. þar verður leitað skýringa á ýmsum ákvæðum kjarasamnings.

Ljóst er að breytingar á kjarasamningi munu hafa veruleg áhrif til hækkunar bæði hjá þeim starfsmönnum sem eru í fullu starfi en einnig hjá þeim sem eru á bakvöktum (starfsmenn í Grindavík).

7. Fjölgun verkefna (útkalla á árinu.)

- Jón fór yfir fjölgun útkalla á árinu. Vekur fjölgun sjúkraflutninga mikla athygli en um 25% fjölgun er að ræða á árinu 2021

8. Önnur mál.

- Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:45